

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 552/1997 um starfstíma framhaldsskóla og leyfisfisdaga.

1. gr.

Við 1. gr. bætist ný málsgrein er orðast svo:

Kennsludagar samkvæmt reglugerð þessari eru:

1. Reglulegir kennsludagar þ.e. þeir dagar sem nemendur sækja skóla skv. stundaskrá undir skipulegri leiðsögn kennara. Kennsludag má telja reglulegan þótt ein kennslustund í stundatöflu sé felld niður vegna tilfallandi atvika, s.s. íþróttamóta eða dansleikja.
2. Skertir kennsludagar eru þeir dagar sem nemendur sækja skóla, en stundafjöldi skv. stundaskrá er skertur um meira en eina kennslustund og/eða reglubundin kennsla fer ekki fram. Ekki er með þessu átt við stundaskrá einstakra bekkja eða námshópa. Skólasetningardagur telst skertur kennsludagur nema kennsla fari að öðru leyti fram skv. stundaskrá. Skertir kennsludagar verða taldir sem hálfir reglulegir kennsludagar. Skólaslitadagur og/eða afhendingardagur einkunna telst með prófadögum/frágangi prófa.

2. gr.

4. gr. orðast svo:

Leyfisfisdagar nemenda skulu vera sem hér greinir: Jólaleyfi frá og með 21. desember til og með 3. janúar, páskaleyfi frá pálmásunnudegi til og með þriðjudegi eftir páska. Aðrir leyfisfisdagar eru eingöngu þeir sem lögboðnir eru.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 3. apríl 2000.

Björn Bjarnason.

Þórunn J. Hafstein.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um holræsi og holræsagjöld í Reykjahreppi nr. 436/1997.

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Kostnaður allur við holræsakerfið greiðist úr sveitarsjóði. Til að standa straum af kostnaði við gerð og rekstur þess ber hverjum húseiganda sem tengist holræsakerfi hreppsins að greiða árlegt holræsagjald til hreppsins sem nemur 0,12% af fasteignamatí húss og lóðar.

Reglugerð þessi sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Reykjahrepps staðfestist hér með skv. X. kafla vatnalaga nr. 15/1923 til þess að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 13. apríl 2000.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.